

## AUGLÝSING

212

27. des.

### um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 18. des. 1961 og innheimta á árinu 1962 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum.
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum, og leyfisbréfastgjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- c. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

*Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1961.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzson.*

## REGLUGERÐ

213

28. des.

### um gjöld fyrir skráningu skipa, mælingu o. fl.

#### 1. gr.

Fyrir afrit af þjóðernis- og skrásetningarskírteini, afrit mælibréfs, einkaleyfi á skipsnafni, nafnbreytingu á skipi, útgáfu þjóðernis- og skrásetningarskírteina, útgáfu mælibréfs, áritun á þjóðernis- og skrásetningarskírteini, áritun á mælibréf, eftirlitsbækur og fyrir mælingu skipa skal eigandi greiða gjöld í ríkissjóð samkvæmt því, er segir í 2. gr.

#### 2. gr.

1. Útgáfa þjóðernis- og skrásetningarskírteina skipa 30 rúml. og stærri eða fyrir afrit þeirra eða endurnýjun .....	kr. 500.00
2. Útgáfa alþjóðamælibréfs samkvæmt mælingarskýrslu .....	— 600.00
3. Útgáfa mælibréfs, afrit eða endurnýjun þess fyrir skip undir 30 rúm. ....	— 300.00
4. Útgáfa mælibréfs, afrit eða endurnýjun þess fyrir opna báta ....	— 150.00
5. Einkaleyfi á skipsnafni .....	— 5000.00
6. Nafnbreyting á skipum .....	— 1000.00
7. Áritun á þjóðernis- og skrásetningarskírteini og mælibréf .....	— 250.00
8. Eftirlitsbók minni .....	— 100.00
9. Eftirlitsbók stærri .....	— 200.00
10. Fyrir mælingu á:	
a. Opnum bát .....	— 150.00
b. Skipum undir 30 rúmlestum brúttó .....	— 400.00
c. Skipum 30—100 rúmlestir brúttó 10.00 kr. rúml., minnsta gjald þó .....	— 600.00